



**AÐALNÁMSKRÁ TÓNLISTARSKÓLA**

**EINSÖNGUR**

**2002**

## Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár tónlistarskóla

### 1. gr.

Með vísan til 1. og 12. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, með áorðnum breytingum, hefur menntamálaráðherra staðfest nýja aðalnámskrá tónlistarskóla sem tekur gildi frá og með 1. júní 2000. Aðalnámskráin kemur til framkvæmda í tónlistarskólum frá og með skólaárinu 2000-2001 eftir því sem við verður komið og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku. Jafnframt falla úr gildi eldri námskrár í tónlistargreinum.

### 2. gr.

Aðalnámskrá tónlistarskóla er gefin út í tíu heftum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrár og níu sérstaka greinahluta.

Í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla er meðal annars gerð grein fyrir hlutverki og meginmarkmiðum tónlistarskóla, skipan tónlistarnáms, greinanámskrám, og skólanámskrám, fjallað um kennslu og kennsluhætti, þætti í hljóðfæra- og tónfræðanámi, námsmat og próf, tengsl heimila og skóla og samvinnu í skólastarfi. Í bókarlok er umfjöllun um námsumhverfi og mat á skólastarfi. Almennur hluti aðalnámskrár tónlistarskóla er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.


Í greinahlutum aðalnámskrár tónlistarskóla, sem gefnir eru út í níu heftum, er fjallað um markmið, inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum. Jafnframt er gerð grein fyrir prófum og gefnar ábendingar um viðfangsefni. Heftin bera þessi heiti:

Ásláttarhljóðfæri  
Einsöngur  
Gítar og harpa  
Hljómborðshljóðfæri  
Málmblasturshljóðfæri  
Rytmísk tónlist  
Strokhljóðfæri  
Tónfræðagreinar  
Tréblasturshljóðfæri

Heftin eru gefin út af menntamálaráðuneytinu á árinu 2000 og dreift jafnóðum til tónlistarskóla.

Menntamálaráðuneytinu 31. maí 2000

  
Björn Bjarrason

  
Guðríður Sigurðardóttir

# AÐALNÁMSKRÁ TÓNLISTARSKÓLA

EINSÖNGUR

2002

Menntamálaráðuneytið

# EFNISYFIRLIT

Formáli .....	5
Einsöngur .....	7
Nokkur atriði varðandi nám í einsöng .....	7
Grunnnám .....	8
Markmið í grunnnámi	
Verkefnalisti í grunnnámi	
Grunnpróf	
Miðnám .....	15
Markmið í miðnámi	
Verkefnalisti í miðnámi	
Miðpróf	
Framhaldsnám .....	24
Markmið í framhaldsnámi	
Verkefnalisti í framhaldsnámi	
Framhaldspróf	
Samleikur .....	36
Dúetter	
Söngur og ýmis hljóðfæri	
Ljóðaflokkar og safnbækur .....	40
Bækur varðandi einsöng .....	43

Menntamálaráðuneytið: námskrár 25

Ágúst 2002

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið  
Sölvhólsgrötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 545 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: postur@mrn.stjr.is  
Veffang: www.mrn.stjr.is

Hönnun og umbrot: ABX/SÍA  
Ljósmyndun: Kristján Maack  
Myndskreytingar: ABX/SÍA  
Prentun: Oddi hf.

© 2002 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-47-6



## FORMÁLI

Aðalnámskrá tónlistarskóla skiptist annars vegar í almennan hluta og hins vegar í greinanámskrár fyrir einstök hljóðfæri og námsgreinar í tónlistarskólum. Í þessu riti er að finna greinanámskrá fyrir einsöng. Námskráin miðast við þá skipan tónlistarnáms sem mælt er fyrir um í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla.

Í almennum hluta aðalnámskrár eru hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla skilgreind. Náminu er skipt í þrjá námsáfanga, grunnám, miðnám og framhaldsnám, og lögð áhersla á samræmt námsmat við lok áfanganna. Jafnframt er lögð áhersla á sjálfstæði og frumkvæði einstakra skóla, skapandi starf og samvinnu í skólastarfi.

Aðalnámskrá tónlistarskóla er ætlað að tryggja fjölbreytni en jafnframt að stuðla að samræmingu þeirra námsþátta sem aðalnámskrá tekur til, bæði innan einstakra tónlistarskóla og á milli skóla.

Almenn atriði varðandi námsþætti og námsmat er að finna í almennum hluta aðalnámskrár. Þar er einnig að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Því er mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér almennan hluta aðalnámskrár tónlistarskóla vandlega.

Í almennum hluta aðalnámskrár er mælt til þess að tónlistarskólar skilgreini starfssvið sitt í eigin skólanámskrám. Við þá námskrargerð er hverjum skóla ætlað að taka mið af stefnumörkun aðalnámskrár tónlistarskóla, ásamt því að sinna sérhæfðum og staðbundnum markmiðum.

Í námskrá fyrir einsöng er að finna sértæk markmið fyrir grunnám, miðnám og framhaldsnám, verkefnalista fyrir einstaka áfanga, umfjöllun um prófþætti og vægi þeirra, prófskýringar og dæmi um prófverkefni á áfangaprófum. Auk þess eru birtir listar með söngduettum, samleikverkum, ljóðaflokkum, safnbókum og bókum varðandi einsöng.



## EINSÖNGUR

Í þessum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla er fjallað um nokkur atriði varðandi nám í einsöng. Þar á eftir fara kaflar um hvern hinna þriggja megináfanga námsins, grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Í þessum köflum eru fyrst tilgreind þau leikni- og skilningsmarkmið sem nemendur þurfa að hafa náð við lok hvers námsáfanga. Síðan eru birtir verkefnalistar með dæmum um viðfangsefni í hverjum námsáfanga. Á eftir verkefnalistunum er prófkröfum á áfangaprófum lýst með völdum dæmum og gerð grein fyrir flutningsmáta æfinga. Í lok námskrárinnar er skrá með samleiks- og samsöngsverkum, auk ábendinga um notadrjúgar útgáfur söngverka og gagnlegar bækur varðandi söng.

### Nokkur atriði varðandi nám í einsöng

Nám í einsöng hefur talsverða sérstöðu miðað við annað hljóðfæranám. Í fyrsta lagi má nefna þá staðreynd að hljóðfæri söngnemandans, röddin, er hverjum og einum gefin. Hún er hluti líkamans, einstök og óendurnýjanleg. Í öðru lagi eru fyrri kynni sögnema af tónlistarnámi og iðkun tónlistar mjög breytileg. Sumir hafa stundað hljóðfæranám frá unga aldri, aðrir tekið þátt í markvissu kórstarfi og enn aðrir hafa ekki hlotið formlega tónlistarþjálfun. Framangreind atriði geta haft áhrif á framvindu námsins og því getur námshraði nemenda í einsöng verið afar mismunandi.

Nám í einsöng getur hafist þegar nemendur hafa náð líkamlegum þroska og raddir þeirra stöðugleika eftir breytingar gelgjuskeiðsins. Þótt meðalaldur byrjenda teljist 16 til 18 ár er þetta mjög einstaklingsbundið og meta verður hvern einstakling sérstaklega. Nemendur, sem hafa góðar og þjálfaðar raddir, geta farið hratt yfir fyrstu stig í sögnáminu enda mikilvægt að þeir sem stefna að atvinnumennsku í söng komist sem fyrst til náms á háskólastigi.

Einsöngsnám gerir um margt aðrar kröfur til nemenda en nám á hljóðfæri, m.a. varðandi tungumál, framburð, túlkun texta og leikræna túlkun. Mikilvægt er að einsöngsnemendum gefist kostur á tilsögn í þessum efnum og reglulegum undirleikstímum. Enn fremur er æskilegt að söngnemendur læri að leika á önnur hljóðfæri, einkum hljómborðshljóðfæri.

## Grunnnám

Að jafnaði má gera ráð fyrir að söngnemendur ljúki grunnámi á einu til tveimur árum. Þessi viðmiðun er þó engan veginn einhlít þar sem undirbúningur nemenda er breytilegur og námshraði getur verið mismunandi.

### Markmið í grunnámi

Uppbygging kennslu í grunnámi skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Þess vegna hlýtur uppbygging námsins ætíð að verða einstaklingsbundin og viðfangsefni breytileg. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum.

Við lok grunnnáms eiga einsöngsnemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

#### Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt
- andi eðlilega og öndun fylgi hendingamótun
- hafi náð grundvallartökum á tónmyndun
- hafi náð allgóðum tókum á inntónun
- sýni skilning á sérhljóða- og samhljóðamyndun
- syngi með skýrum textaframburði
- hafi náð grundvallartökum á þýskum textaframburði
- hafi náð grundvallartökum á enskum textaframburði
- hafi náð grundvallartökum á ítölskum textaframburði
- hafi náð grundvallartökum á dönskum, norskum eða sænskum textaframburði

- geti sungið með heyranlegum styrkleikabreytingum
- hafi öðlast skilning á innihaldi þeirra ljóða og texta sem fengist var við í náminu
- sýni nákvæmni í nótnalestri og úrvinnslu, þ.m.t. hraðavali, styrkleikabreytingum og öðrum leiðbeinandi táknum

#### Nemandi

- hafi öðlast allgott hrynskyn
- geti lesið og sungið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta grunnnáms
- hafi þjálfast reglulega í að syngja utanbókar
- hafi þjálfast reglulega í að syngja með píanóundirleik
- hafi þjálfast reglulega í að syngja án undirleiks
- hafi fengist við skapandi starf frá upphafi námsins
- hafi þjálfast í ýmiss konar samsöng
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna
- hafi lært til hlítar viðunandi fjölda verkefna, önnur en prófverkefni, frá mismunandi tímabilum og þjóðlöndum
- hafi þjálfast reglulega í fjölbreyttum söngæfingum í samræmi við kröfur þessa námsáfangs
- hafi komið reglulega fram á tónleikum innan skólans
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á grunnprófi samkvæmt þessari námskrá

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir eins til tveggja ára nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samsöng
- öruggan og sannfærandi söng
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Verkefnalisti í grunnnámi

Hér á eftir fara nokkur sýnishorn viðfangsefna nemenda í grunnnámi. Listinn er alls ekki tæmandi og er honum einkum ætlað að vera til viðmiðunar við skipulagningu söngnámsins, meðal annars við val annars kennsluefnis. Þyngdarstig viðfangsefnanna er breytilegt, þ.e. allt frá kennsluefni fyrir byrjendur til viðfangsefna sem henta við lok grunnnáms. Raðað er eftir stafrófsröð höfunda.

### Tónverk

ARNE, THOMAS (1710–1778) When Daisies pied	BRAHMS, J. (ÚTS.) Sandmännchen Schwesterlein [útsetningar á þýskum þjóðlögum]
ATLI HEIMIR SVEINSSON (1938– ) Bráðum kemur betri tíð Erlustef Fiskiróður Kísa mín Voríð góða Öll börn sofa	CALDARA, A. (1670–1738) Sebben crudele
ÁRNI BJÖRNSSON (1905–1995) Á bænum stendur stúlkan vörð Rökkurljóð	DOWLAND, JOHN (1562–1626) Fine knacks for ladies The lowest trees have tops
ÁRNI THORSTEINSSON (1870–1962) Fífilbrekka, gróin grund Kirkjuhvoll Þess bera menn sár	EMIL THORODDSEN (1898–1944) Búðarvísur Syndaflóðið Vöggukvæði
BACH, J. S. (1685–1750) Das walt mein Gott Die güldne Sonne Jesu deine Liebeswunden O Jesulein süß	FJÖLNIUR STEFÁNSSON (1930– ) Snjótittlingurinn
BAUMGARTNER, W. (1820–1867) Kein Hälmlein wächst auf Erden	GRIEG, EDVARD (1843–1907) Den gamle vise Skovsang To brune øjne
BEETHOVEN, L. VAN (1770–1827) Lied des Marmottenbuben Nur wer die Sehnsucht kennt	GUNNAR SIGURGEIRSSON (1901–1970) Una
BJARNI ÞORSTEINSSON (1861–1938) Vor og haust	HALLGRÍMUR HELGASON (1914–1994) Ef engill ég væri Söknuður
BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON (1891–1861) Þei, þei og ró, ró	HAYDN, F. J. (1732–1809) Der Gleichsinn Die Landlust Eine sehr gewöhnliche Geschichte Liebes Mädchen
BRAHMS, J. (1833–1897) Wiegenlied (Guten Abend)	HÄNDEL, G. F. (1685–1759) Verdi prati
BRAHMS, J. (ÚTS.) Da unten im Tale Erlaube mir Feinsliebchen	HUGHES, HERBERT (1882–1937) I know where I'm goin' Must I go bound The Salley Gardens [útsetningar á írskum þjóðlögum]

JÓN LAXDAL (1865–1928)  
Bergljót  
Brúðkaup  
Sólskrikjan

JÓN ÞÓRARINSSON (1917– )  
Fuglinn í fjörunni  
Sex gamlir húsgangar

JÓRUNN VIÐAR (1918– )  
Kall sat undir kletti  
Það á að gefa börnum brauð  
Pulu- og kvæðalög

KARL O. RUNÓLFSSON (1900–1970)  
Hrafninn situr á hamrinum  
Kom ég þar að kveldi  
Viltu fá minn vin að sjá

KRIEGER, ADAM (1634–1666)  
Nun sich der Tag geendet hat

MAGNÚS BL. JÓHANNSSON (1925– )  
Sótavísur  
Krummavísur

MOZART, W. A. (1756–1791)  
Das Kinderspiel  
Im Frühlingsanfang  
Sehnsucht nach dem Frühlinge  
Warnung

MÖLLER, HEINRICH (ÚTS.)  
Geh ich zum grünen Hain  
[franskt þjóðlag]  
Ich legte mich zur Ruh  
[norskt þjóðlag]  
Läßt sich Amor  
[ítalskt þjóðlag]

PAISIELLO, G. (1740–1816)  
Nel cor piu non mi sento

PÁLL ÍSÓLFSSON (1893–1974)  
Bergbúinn  
Blítt er undir björkunum  
Hrosshár í strengjum  
Jarpur skeiðar

PURCELL, HENRY (1659–1695)  
Ah, how pleasant 'tis to love  
Fairest Isle  
Nymphs and shepherds  
Strike the viol  
Sweet be no longer sad

RAUTER, F. (ÚTS.)  
Íslensk þjóðlög

SCARLATTI, A. (1660–1725)  
O cessate di piagarmi  
Son tutta duolo

SCHMID, H. K. (1874–1939)  
Wiegenlied für meinen Jungen

SCHUBERT, F. (1797–1828)  
An die Laute  
Erntelied  
Frühlingsleid  
Liebhaber in allen Gestalten  
Minnelied  
Wiegenlied, (Schlafe, schlafe)

SCHULZ, J. A. P. (1747–1800)  
Der Knabe an ein Veilchen  
Der Mond ist aufgegangen  
Wiegenlied im Mai

SCHUMANN, R. (1810–1856)  
Der Abendstern  
Erstes Grün  
Volksliedchen  
Lied eines Schmiedes  
Marienwürmchen  
Vom Schlaraffenland

SHARP, CECIL (ÚTS.)  
My boy Willie  
[enskt þjóðlag]

SIGFÚS EINARSSON (1877–1939)  
Staka (Þó að kali heitur hver)  
Um haust  
Vísu (Ofan gefur)

SIGURÐUR ÞÓRÐARSSON (1895–1968)  
Kom ég upp í Kvislarskarð  
Öm ég heyrði í hamrinum  
Vögguljóð Rúnu

SIGVALDI KALDALÓNS (1881–1946)  
Á Sprengisandi  
Brúnaljós þin bliðu  
Erla, góða Erla  
Kata litla í Koti  
Mamma ætlar að sofna  
Sofðu, sofðu góði  
Sofðu unga ástin mín  
Vorar samt  
Vorvísu

SKÚLI HALLDÓRSSON (1914– )  
Smaladrengrurinn  
Smalastúlkan

SPITTLER (ÚTS.)  
Schnitter Tod  
Í: Fliegendes Blatt, 1638

STANFORD, C. V. (1852–1924)  
My love's an arbutus  
[útsetning á írsku þjóðlagi]



SVEINBJÖRN SVEINBJÖRNSSON (1847–1927) Íslensk þjóðlög [útsetningar á 20 íslenskum þjóðlögum]	ÝMSIR Íslensk sönglög 1., 2. og 3. hefti  Kristallen den fina [sænskt þjóðlag]
TELEMANN, G. PH. (1681–1767) Die Jugend	ZELTER, CARL F. (1758–1832) Der König in Thule Das Rosenband Ständchen
VAUGHAN WILLIAMS, R. (1872–1958) Linden Lea She's like the swallow [útsetning á þjóðlagi frá Nýfundnalandi]	ÞÓRARINN JÓNSSON (1900–1974) Vögguvísa Söngur Ástu Lóan
VIVALDI, A. (1676–1741) Vieni, vieni o mio diletto	ÞÓRARINN GUÐMUNDSSON (1896–1979) Sumargleði Vögguljóð
ÝMSIR All mein Gedanken [þjóðlag – í Lohheimer Liederbuch frá 1460]	

### Grunnpróf

Við lok grunnnáms skulu nemendur þreyta grunnpróf, annars vegar í einsöng og hins vegar í tónfræðagreinum. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–44, er að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.

### Verkefni og prófkröfur

Fyrir próf skal nemandi undirbúa þrjú söngverk. Auk þess skal hann leggja fram lista með fimm söngverkum og velur prófdómari eitt þeirra til flutnings. Alls eru því undirbúin átta prófverkefni. Skulu þau öll vera í samræmi við kröfur námskrárinnar og á ekki færri en tveimur tungumálum að íslensku meðtalinni.

Miða skal við að heildarpróftími á grunnprófi í einsöng fari ekki fram yfir 30 mínútur. Á prófinu skal nemandi flytja öll verk utanbókar. Gæta skal þess að verkefnaval sé fjölbreytt og að efnisskráin endurspegli mismunandi stíltegundir og tónlist frá ólíkum tímabilum. Tónverk á íslensku, þýsku, ensku, ítölsku, dönsku, norsku eða sænsku skal syngja á frummáli en í öðrum tilvikum eru þýðingar leyfðar.

### Prófþættir eru þessir:

1. **Fjögur ólík söngverk** (15 einingar hvert).
2. **Æfingar** (15 einingar).
3. **Val** (10 einingar). Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
  - a) Spinni út frá gefnu upphafi, hljómferli eða lagi, með eða án undirleiks.
  - b) Syngi frumsamið verk eða eigin útsetningu.
  - c) Syngi án undirleiks alþýðulag eða þjóðlag sem lært hefur verið eftir eyra.
  - d) Syngi lag í öðrum tónlistarstíl en þeim sem koma fyrir í námskránni, með eða án undirleiks.
  - e) Sýni með ótvíræðum hætti fram á eigið frumkvæði, frumlega og skapandi túlkun í flutningi lags að eigin vali, með eða án undirleiks.
4. **Óundirbúinn nótnalestur** (10 einingar).
5. **Heildarsvípur** (5 einingar).

Frekari umfjöllun um valþátt prófsins er að finna í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 43.

Hér á eftir eru fyrst birt dæmi um prófverkefni á grunnprófi, valin úr þekktum söngbókmenntum. Síðan eru birtar þær söngæfingar sem syngja skal á grunnprófi.

### Tónverk

Eftirfarandi dæmum um prófverkefni á grunnprófi er ætlað að skilgreina þyngdarstig prófsins. Fullt eins má þó velja önnur verkefni af sambærilegri þyngd.

#### Dæmi um prófverkefni – há rödd

DOWLAND, J. Fine knacks for ladies	JÓN ÞÓRARINSSON Fuglinn í fjörunni
CALDARA, A. Sebben crudele	ÞÓRARINN JÓNSSON Vögguvísa
SCHUMANN, R. Erstes Grün	SIGURÐUR ÞÓRÐARSON Vögguljóð Rúnu
BRAHMS, J. (ÚTS.) Schwesterlein	VAUGHAN WILLIAMS, R. Linden Lea

**Dæmi um prófverkefni – lág rödd**

PURCELL, H. Strike the viol	ATLI HEIMIR SVEINSSON Bráðum kemur betri tíð
SCARLATTI, A. O, cessate di piagarmi	JÓRUNN VIÐAR Kall sat undir kletti
HAYDN, J. Der Gleichsinn	RAUTER, F. (ÚTS.) Guð gaf mér eyra
BRAHMS, J. (ÚTS.) Da unten im Tale	GRIEG, E. To brune øjne

**Æfingar**

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi söngæfingar. Söngæfingar skulu sungnar án undirleiks. Hverja æfingu má leika einu sinni fyrir nemandann, síðan er aðeins gefinn upphafstónn. Það er á valdi prófdómara að velja tónhæð, sérhljóða (a, e, í, o, ú) og styrkleika. Nemandi ræður röð æfinga.

Auk neðangreindra skylduæfinga skal nemandi undirbúa eina söngæfingu að eigin vali. Valæfingunni skal skilað á nótum fyrir upphaf prófs.

**Tónmyndun og sérhljóðar**

♩ = 80-90

í e a o ú \_\_\_\_\_

**Inntónun og legato**

♩ = 108-120

**Nákvæmni í hrynn og tónmyndun**

♩ = 100-120

**Lipurð**

♩ = 72

**Miðnám**

Í miðnámi eykst umfang námsins frá því sem er í grunnnámi og ætla má að námstíminn lengist að sama skapi. Miðað er við að nemendur geti lokið miðnámi á um það bil tveimur til þremur árum en námshraði getur þó verið mismunandi. Ræður þar miklu ástundun, aldur og þroski nemenda.

**Markmið í miðnámi**

Uppbygging kennslu í miðnámi skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Þess vegna hlýtur uppbygging námsins ætíð að verða einstaklingsbundin og viðfangsefni breytileg. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum.

Við lok miðnáms eiga einsöngsnemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

**Nemandi**

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt
- andi eðlilega og úthald sé í samræmi við auknar kröfur þessa námsáfangs
- hafi náð góðum tókum á tónmyndun og samræmingu raddsviða
- hafi náð góðum tókum á inntónun
- sýni skilning á sérhljóða- og samhljóðamyndun
- syngi með skýrum textaframburði
- hafi náð allgóðum tókum á þýskum textaframburði
- hafi náð allgóðum tókum á enskum textaframburði
- hafi náð allgóðum tókum á ítölskum textaframburði

- hafi náð allgóðum tókum á dönskum, norskum eða sænskum textaframburði
- hafi kynnst textaframburði á frönsku eða spænsku
- syngi með greinilegum styrkleikabreytinum
- geti gert skýran mun á staccato og legato
- hafi öðlast skilning á innihaldi þeirra ljóða og texta sem fengist var við í náminu
- sýni nákvæmni í nótnalestri og úrvinnslu, þ.m.t. hraðavali, styrkleika-breytingum og öðrum leiðbeinandi táknum

#### Nemandi

- hafi gott hrynskyn
- geti lesið og sungið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta miðnáms
- hafi þjálfast í flutningi tónlesa (recitativa)
- hafi þjálfast í ýmiss konar samleik og samsöng
- skilji algengustu taktslög og bendingar stjórnanda
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á miðprófi samkvæmt þessari námskrá
- hafi komið reglulega fram á tónleikum innan skólans

Nemanda hafi gefist kostur á að velja hvort og að hversu miklu leyti hann sinnir eftirfarandi atriðum:

- tónsköpun
- spuna
- röddun sönglaga

Nemandinn sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir þriggja til fimm ára nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- ýmis blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samsöng
- öruggan og sannfærandi söng
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

### Verkefnalisti í miðnámi

Hér á eftir fara nokkur sýnishorn viðfangsefna nemenda í miðnámi. Listinn er alls ekki tæmandi og er honum einkum ætlað að vera til viðmiðunar við skipulagningu söngnámsins, meðal annars við val annars kennsluefnis. Þyngdarstig viðfangsefnanna er breytilegt, þ.e. allt frá kennsluefni, sem hentar við upphaf miðnáms, til efnis sem hæfir við lok námsáfangans. Raðað er eftir stafrófsröð höfunda.

#### Tónverk

ARNE, THOMAS (1710-1778) Blow, blow thou winter wind Under the greenwood tree Where the bee sucks	BELLINI, V. (1801-1835) Dolente imagine di Fille mia Vaga luna che inargenti Malinconia, Ninfa gentile
ATLI HEIMIR SVEINSSON (1938- ) Desember Krotað í sand Ljóð Tengdamæðurnar Siesta Sumarnótt Sögugabb og Eftirmáli ævintýris Það kom söngfugl	BERNSTEIN, L. (1918-1990) I feel pretty [úr söngleiknum West Side Story]
ÁRNI BJÖRNSSON (1905-1995) Ein sit ég úti á steini Horfinn dagur Sólroðin ský Þú biður mig að syngja	BJARNI BÖÐVARSSON (1900-1955) Amma kvað Kveld Margt er það í steininum
ÁRNI BEINTEINN GÍSLASON (1869-1897) Visan sem skrifuð var á visnað rósblað	BJARNI ÞORSTEINSSON (1861-1938) Draumalandið Kirkjuhvoll
ÁRNI THORSTEINSSON (1870-1962) Friður á jörðu Vorgyðjan kemur	BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON (1891-1961) Í rökkurró Sólin ei hverfur Þei, þei og ró, ró
BACH, J. S. (1685-1750) Komm süßer Tod Liebster Herr Jesu	BOCK / HARNICK If I were a rich man [úr söngleiknum Fiðlarinn á þakinu]
BARBER, S. (1910-1981) The Daisies Crucifixion [úr Hermit Songs]	BRAHMS, J. (1833-1897) Der Gang zum Liebchen Der Jäger Minnelied Mädchenlied (Auf die Nacht) Mädchenlied (Der Schwalbe sag' mir an) Salamander Ständchen (Der Mond steht) Therese
BASSANI, G. B. (1657-1716) Dimmicara	BRITTEN, B. (1913-1976) Little Sir William O can ye sew cushions O Waly, Waly Oliver Cromwell The foggy, foggy dew Ye Highlands and ye Lowlands [útsetningar á breskum þjóðlögum]
BEETHOVEN, L. VAN (1770-1827) Ich liebe dich Mailied	

- BUONONCINI, G. (1670-1747)**  
Deh, piu a me non v'ascendete  
Per la gloria  
Pupille nere
- BURLEIGH, H. S. (ÚTS.)**  
Deep River  
[negrasálmur]
- CALDARA, A. (1670-1738)**  
Come raggio di sol  
Selve amiche
- CARISSIMI, G. (1605-1674)**  
Vittoria, vittoria
- CESTI, M. (1623-1669)**  
Intorno all' idol mio
- CHAUSSON, E. (1855-1899)**  
Les Papillons
- CORNELIUS, P. (1824-1874)**  
Angedenken
- DEBUSSY, C. (1862-1918)**  
Beau soir
- DONIZETTI, G. (1797-1848)**  
Me voglio fà 'na casa
- DOWLAND, J. (1562-1626)**  
Flow my tears
- DURANTE, F. (1684-1755)**  
Danza, danza fanciulla  
Vergin tutto amor
- EMIL THORODDSEN (1898-1944)**  
Í fögrum dal  
Sáuð þið hana systur mína
- EYÞÓR STEFÁNSSON (1901-1999)**  
Lindin  
Mánaskin  
Myndin þín
- FALLA, M. DE (1876-1946)**  
El paño moruno  
[úr Siete canciones populares españolas]
- FAURÉ, G. (1845-1924)**  
Chanson d'amour  
Clair de lune  
En priere  
Ici bas  
Lydia
- FJÖLNIÐR STEFÁNSSON (1930- )**  
Kvöldvísa  
Litla barn með lokkinn bjarta
- FLOTOW, FR. VON (1812-1883)**  
The last rose of summer  
[úr óperunni Marta]
- FRANZ, R. (1815-1892)**  
Ein Stündlein wohl vor Tag  
Gute Nacht
- GERSHWIN, G. (1898-1937)**  
Love is here to stay  
Nice work if you can get it
- GIBBS, A. (1889-1960)**  
Nod  
Silver
- GIORDANI, G. (1753-1798)**  
Caro mio ben
- GLUCK, C. W. (1714-1787)**  
O del mio dolce ardor
- GRANADOS, E. (1867-1916)**  
El tra la la y el punteado  
[úr Tonadillos]
- GRIEG, E. (1843-1907)**  
Jeg elsker dig  
Margaretes vuggesang  
Med en Primula veris  
Millom rosor  
Prinsessan
- GUNNAR REYNIR SVEINSSON (1933- )**  
Barnagæla frá Nýja Íslandi  
Bráðum kemur betri tíð  
Um hina heitelskuðu
- HAYDN, J. (1732-1809)**  
Der erste Kuß  
My mother bids me  
Piercing eyes  
Cupido
- HÄNDEL, G. F. (1685-1759)**  
Lascia chio pianga  
[með recitativí]  
He shall feed his flock  
[með recitativí - úr óratoriunni Messías]  
Where'er you walk  
Domine Deus  
[úr Dettingen Te Deum]
- HEAD, M. (1900-1976)**  
Money O!  
Star candles  
Sweet chance  
The road to Bethlehem  
When sweet Anne sings
- HELGI SIG. HELGASON (1872-1958)**  
Fjóla
- INGI T. LÁRUSSON (1892-1946)**  
Heyr mig, lát mig lífið finna  
Hrislan og lækurinn
- IRELAND, J. (1879-1962)**  
If there were dreams to sell  
Spring sorrow
- JÓN ÁSGEIRSSON (1928- )**  
Maistjarnan  
Visur Vatnsenda-Rósu
- JÓN LAXDAL (1865-1928)**  
Fuglar í búri
- JÓN NORDAL (1926- )**  
Hvert órutt spor
- JÓN ÞÓRARINSSON (1917- )**  
Íslenskt vögguljóð á Hörpu  
Jeg fandt i morges
- JÓN MÚLI ÁRNASON (1921-2002)**  
Ljúflingshóll
- JÓRUNN VIÐAR (1918- )**  
Barnagælur  
[þjóðlagagættsetningar]  
Mamma ætlar að sofna  
Sönglað á göngu  
Varpaljóð  
Vorljóð á yli  
Vort líf  
Vökuró
- KARL O. RUNÓLFSSON (1900-1970)**  
Allar vildu meyjarnar  
Hrafninn  
Máriuvers  
Spjallað við spóa  
Viltu fá minn vin að sjá
- KJERULF, H. (1815-1868)**  
Aftenstemming  
Ingrids vise  
Syng, syng
- LEIFUR ÞÓRARINSSON (1934-1998)**  
Vögguvísa
- LOTTI, A. (UM 1667-1740)**  
Pur dicesti
- LULLY, J. B. (1632-1687)**  
Bois épais
- MAHLER, G. (1860-1911)**  
Fantasie (Don Juan)  
Selbstgefühl  
Starke Einbildungskraft
- MARKÚS KRISTJÁNSSON (1902-1931)**  
Bikarinn  
Er sólin hnigur  
Gott er sjúkum að sofa  
Kvöldsöngur
- MARTINI, J. P. E. (1741-1816)**  
Plaisir d'amour
- MENDELSSOHN, F. (1809-1847)**  
Auf flügeln des Gesanges  
O rest in the Lord  
[úr óratoriunni Eljah]  
Pagenlied  
Tröstung  
Woe unto them  
[úr óratoriunni Eljah]
- MONTEVERDI, C. (1567-1643)**  
Lasciate mi morire  
Tu se morta  
[úr óperunni Orfeo]
- MOZART, W. A. (1756-1791)**  
L'ho perduta  
[úr óperunni Brúðkaup Figarós]  
Der Zauberer  
Un moto di gioia  
An Chloë  
Im Mohrenland  
[úr óperunni Brottnámið úr kvennabúrinu]  
Der Vogelfänger  
[úr óperunni Tófraflautan]  
Wer ein Liebchen hat gefunden  
[úr óperunni Brottnámið úr kvennabúrinu]
- ÓLIVER J. KENTISH (1954- )**  
Heimþrá
- PÁLL ISÓLFSSON (1893-1974)**  
Heyr, það er unnusti minn  
[úr Ljóðaljóðum]  
Kossavísur  
Máriuvers  
Sumar  
Söknuður
- PERGOLESI, G. (1710-1736)**  
Eja, mater  
[úr Stabat Mater]  
Se tu m'ami  
Stizzoso, mio stizzoso
- PORTER, COLE (1891-1964)**  
I love Paris  
So in love

PURCELL, H. (1659–1695) I attempt from love's sickness Man is for the woman made The owl is abroad	SIGVALDI KALDALÓNS (1881–1946) Þeim gleymist oft Þú eina hjartans yndið mitt
QUILTER, R. (1877–1953) O mistress mine	SJÖBERG, C. L. (1861–1900) Tonerna
RANGSTRÖM, T. (1884–1947) Villemo, Villemo, hvi gik du	STANFORD, C. V. (1852–1924) A soft day
RODGERS, R. / HAMMERSTEIN, O. Bali ha'i [úr söngleiknum South Pacific]	STEINGRÍMUR K. HALL (1877–1969) Ástarsæla
SCARLATTI, A. (1660–1725) Gia il sole dal Gange Sento nel core	STRAUSS, R. (1864–1949) Ach, Liebe ich muß nun scheiden
SCHUBERT, F. (1797–1828) An die Musik An Sylvie Die Forelle Lachen und Weinen Romanze aus Rosamunde Seligkeit Schäfers Klagelied Lög úr Die schöne Müllerin	SVEINBJÖRN SVEINBJÖRNSSON (1847–1927) Álfarnir Sprettur Vetur
SCHUMANN, R. (1810–1856) Das verlassene Mägdlein Die Soldatenbraut Jasminenstrauch Röselein, Röselein Schneeglöckchen	TORELLI, G. (1658–1709) Tu lo sai
SIGFÚS EINARSSON (1877–1939) Draumalandið Ein sit ég úti á steini Nótt	VAUGHAN WILLIAMS, R. (1872–1958) The sky above the roof
SIGVALDI KALDALÓNS (1881–1946) Ég lít í anda liðna tíð Fjallið eina Svanurinn minn syngur Vorvindur	VICTOR URBANCIC (1903–1958) Mun það senn
	WEBBER, A. L. (1948– ) Close every door
	WOLF, H. (1860–1903) Fußreise
	ÝMSIR Íslensk sönglög, 4. og 5. hefti
	ÞÓRARINN GUÐMUNDSSON (1896–1979) Þú ert
	ÞÓRARINN JÓNSSON (1900–1974) Fjolan

### Miðpróf

Við lok miðnáms skulu nemendur þreyta miðpróf, annars vegar í einsöng og hins vegar í tónfræðagreinum. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–44, er að finna umfjöllun um áfanga-próf, þ.m.t. tilgang, skipulag, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.

### Verkefni og prófkröfur

Fyrir próf skal nemandi undirbúa þrjú söngverk. Auk þess skal hann leggja fram lista með sjö söngverkum og velur prófdómari tvö þeirra til flutnings. Alls eru því undirbúin tíu prófverkefni. Skulu þau öll vera í samræmi við kröfur námskrárinnar og á eigi færri en þremur tungumálum að íslensku meðtalinni.

Miða skal við að heildarpróftími á miðprófi í söng fari ekki fram yfir 45 mínútur. Gæta skal þess að verkefnaval sé fjölbreytt og að efnisskráin endurspegli mismunandi stíltægundir og tónlist frá ólíkum tímabilum. Á prófinu skal nemandi flytja öll verk utanbókar. Tónverk á íslensku, þýsku, ensku, ítölsku, norðurlandamálum, frönsku og spænsku skal syngja á frummáli, annars eru þýðingar leyfðar.

### Prófpættir eru þessir:

1. **Fimm ólík söngverk** (12 einingar hvert).
2. **Æfingar** (15 einingar).
3. **Val** (10 einingar). Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
  - a) Syngi verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverkefni.
  - b) Spinni út frá gefnu upphafi, hljómferli eða lagi með eða án undirleiks.
  - c) Syngi frumsamið verk eða eigin útsetningu.
4. **Óundirbúinn nótnalestur** (10 einingar).
5. **Heildarsvipur** (5 einingar).

Frekari umfjöllun um valþátt prófsins er að finna í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 43.

Hér á eftir eru fyrst birt dæmi um prófverkefni á miðprófi, valin úr þekktum söngbókmenntum. Síðan eru birtar þær söngæfingar sem syngja skal á miðprófi.

### Tónverk

Eftirfarandi dæmum um prófverkefni á miðprófi er ætlað að skilgreina þyngdarstig prófsins. Fullt eins má þó velja önnur verkefni af sambærilegri þyngd.

**Dæmi um prófverkefni – sópran**

PERGOLESI, G. Se tu m'ami	GRIEG, E. Med en primula veris
MOZART, W. A. L'ho perduta [úr óperunni Brúðkaup Figarós]	BERNSTEIN, L. I feel pretty [úr söngleiknum West Side Story]
BRAHMS, J. Mädchenlied (Auf die Nacht)	BRITTEN, B. (ÚTS.) O Waly, Waly
SCHUBERT, F. Die Forelle	PÁLL ÍSÓLFSSON Kossavísur
FAURÉ, G. En priere	GUNNAR REYNIR SVEINSSON Barnagæla frá Nya Íslandi

**Dæmi um prófverkefni – mezzósópran / alt**

PERGOLESI, G. Eja, mater [úr Stabat Mater]	RANGSTRÖM, T. Villemo, Villemo, hvi gik du
GLUCK, C. W. O del mio dolce ardor	JÓN MÚLI ÁRNASON Ljúflingshóll
SCHUMANN, R. Die Soldatenbraut	RODGERS, R. / HAMMERSTEIN, O. Bali ha'i [úr söngleiknum South Pacific]
WOLF, H. Fußreise	ATLI HEIMIR SVEINSSON Krotað í sand
FAURÉ, G. Ici bas	JÓN ÞÓRARINSSON Íslenskt vögguljóð á Hörpu

**Dæmi um prófverkefni – tenór**

MOZART, W. A. Im Mohrenland [úr óperunni Brottnámið úr kvennabúrinu]	BELLINI, V. Vaga luna che inargenti
HÄNDEL, G. F. Where e'er you walk	WEBBER, A. L. Close every door
STRAUSS, R. Ach, Lieb ich muß nun scheiden	BARBER, S. The Daisies
QUILTER, R. O mistress mine	SIGVALDI KALDALÓNS Fjallið eina
SJÖBERG, C. L. Tonerna	EMIL THORODDSEN Í fögrum dal

**Dæmi um prófverkefni – barítón / bassi**

MOZART, W. A. Der Vogelfänger [úr óperunni Tófraflautan]	BURLEIGH, H. S. (ÚTS.) Deep River [negrasálmur]
CARISSIMI, G. Vittoria, vittoria	BOCK / HARNICK If I were a rich man [úr söngleiknum Fiðlarinn á þakinu]
SCHUBERT, F. Fischerweise	MARTINI, J. P. E. Plaisir d'amour
MAHLER, G. Fantasie (Don Juan)	KARL O. RUNÓLFSSON Spjallað við spóa
HEAD, M. Money O!	ÓLIVER J. KENTISH Heimþrá

**Æfingar**

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi söngæfingar. Söngæfingarnar skulu sungnar án undirleiks. Hverja æfingu má leika einu sinni fyrir nemandann, síðan er aðeins gefinn upphafstónn. Það er á valdi prófdómara að velja tónhæð, sérhljóða (a, e, í, o, ú) og styrkleika. Nemandi ræður röð æfinga.

Auk neðangreindra skylduæfinga skal nemandi undirbúa eina söngæfingu að eigin vali. Valæfingunni skal skilað á nótum fyrir upphaf prófs.

**Inntónun og breitt tónsvið****Lipurð – styrkleiki**

Legato, stökk, jöfnun milli raddsviða

♩ = 80-100



Öndunartækni og staccato/legato

♩ = 100-120



## Framhaldsnám

Framhaldsnám tekur við að loknu miðnámi. Hér er um umfangsmikinn námsáfanga að ræða og miðast lok framhaldsnáms við að nemendur séu undir það búnir að takast á við tónlistarnám á háskólastigi.

Gera verður ráð fyrir að námstími í framhaldsnámi sé einstaklingsbundinn og ræður þar miklu ástundun, aldur, þroski og hæfileikar nemenda. Miðað er við að unnt sé að ljúka þessum áfanga á um það bil tveimur til þremur árum. Afburðanemendur ættu að geta lokið náminu á skemmri tíma en einnig getur lengri námstími verið eðlilegur.

## Markmið í framhaldsnámi

Uppbygging kennslu í framhaldsnámi skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Í flestum tilvikum er raddgerð nemandans orðin ljós á þessu námsstigi. Tæknivinna og verkefnaval tekur mið af raddgerðinni. Þess vegna hlýtur uppbygging námsins ætíð að verða einstaklingsbundin og viðfangsefni breytileg. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum.

Við lok framhaldsnáms eiga söngnemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt
- andi eðlilega og úthald sé í samræmi við auknar kröfur þessa námsáfanga
- hafi náð mjög góðum tókum á tónmyndun og samræmingu raddsviða
- hafi náð mjög góðum tókum á inntónun
- hafi skilning á sérhljóða- og samhljóðamyndun
- hafi vald á mikilli breidd í styrkleika
- syngi með góðum textaframburði
- hafi náð góðum tókum á þýskum textaframburði
- hafi náð góðum tókum á enskum textaframburði
- hafi náð góðum tókum á ítölskum textaframburði
- hafi náð góðum tókum á dönskum, norskum eða sænskum textaframburði
- hafi náð grundvallartókum á frönskum eða spænskum textaframburði
- hafi öðlast skilning á innihaldi þeirra ljóða og texta sem fengist var við í náminu
- sýni nákvæmni í nótnalestri og úrvinnslu, þ.m.t. hraðavali, styrkleikabreytingum og öðrum leiðbeinandi táknum

Nemandi

- hafi öðlast mjög gott hrynskyn
- hafi mjög gott vald á sveigjanleika í hraða og hryn
- geti lesið og sungið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við á miðprófi
- hafi hlotið ýmiss konar þjálfun í samleik og samsöng
- kunni góð skil á taktslögum og bendingum stjórnanda
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á framhaldsprófi samkvæmt þessari námskrá
- hafi undirbúið efnisskrá til flutnings á tónleikum samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 41-42

Nemandi sýni með ótvíræðum hætti

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- margvísleg blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik og samsöng
- öruggan og sannfærandi söng
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

### Verkefnalisti í framhaldsnámi

Hér á eftir fara nokkur sýnishorn viðfangsefna nemenda í framhaldsnámi. Listinn er alls ekki tæmandi og er honum einkum ætlað að vera til viðmiðunar við skipulagningu söngnámsins, meðal annars við val annars kennsluefnis. Þyngdarstig verkefnanna er breytilegt, þ.e. allt frá kennsluefni sem hentar við upphaf framhaldsnáms til efnis sem hæfir við lok námsáfangans.

Listanum er skipt þannig að fyrst eru tilgreind sönglög og antikariur, sem henta öllum raddgerðum, en á eftir fylgja óperuariur, ariur úr óratorium og lög úr söngleikjum sem hæfa einstökum raddgerðum, flokkuð eftir raddgerð. Raðað er eftir stafrófsröð höfunda.

### Sönglög og antikariur

ATLI HEIMIR SVEINSSON (1938- ) Ljóð fyrir börn [10 smálög við texta eftir Matthias Johannessen] Nútímaljóð úr „Ljóðakornum“	BEETHOVEN, L. VAN (1770-1827) Adelaide Der Kuß Gellert Lieder Mignon Mit einem gemalten Band Neue Liebe, neues Leben Sehnsucht Wonne der Wehmut
ÁRNI THORSTEINSSON (1870-1962) Friðarins Guð Fögur sem forðum Nafnið Nótt Rósín	BELLINI, V. (1801-1835) Ljóð úr „15 composizioni da camera“
BACH, J. S. (1685-1750) Bist du bei mir	BERKELEY, L. (1903-1989) How love came in
BARBER, S. (1910-1981) A nun takes the veil Sleep now Sure on this shining night	BIZET, G. (1838-1875) Villanelle (Les nuits d'été)
BASSANI, G. B. (1657-1716) Posate dormite	BJARNI ÞORSTEINSSON (1861-1938) Taktu sorg mína

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON (1891-1961) Nú legg ég augun aftur	ELGAR, E. (1857-1934) Is she not passing fair Like to the damask rose Where corals lie [úr Sea Pictures]
BRAHMS, J. (1833-1897) An die Nachtigall An Sonntags Morgen Botschaft Die Mainacht Der Kranz Es liebt sich so lieblich Geheimnis Komm bald Liebestreu Mädchenlied (Am Jüngsten Tag) Nachklang Sapphische Ode Sommerabend Tambourliedchen Trennung Wie Melodien zieht es mir Wir wandelten	EMIL THORODDSEN (1898-1944) Komdu, komdu kiðlingur Sáuð þið hana systur mína Til skýsins
BRITTEN, B. (1913-1976) Ljóð úr „Charm of Lullabies“ [mezzosópran/alt] Sweet Polly Oliver	EYÞÓR STEFÁNSSON (1901-1999) Bikarinn
CESTI, M. A. (1623-1669) Tu mancavi tormentarvi	FALLA, M. DE (1876-1946) Siete canciones populares españolas
